



IS 1-24

EASYMIG 110

EASYMIG 130

EASYMIG 140

EASYMIG 150

Varnargassuðutæki

ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

ALMENNT



Sé ekki farið eftir þessum upplýsingum og ábendingum getur það leitt til alvarlegs líkams- og eignatjóns. Framkvæmdu enga viðhaldsvinnu eða breytingar á tækinu sem eru ekki sérstaklega tilteknar í leiðarvísunum.

Framleiðandinn tekur ekki ábyrgð á meiðslum eða tjóni sem hlýst af rangri meðhöndlun tækisins. Komi upp vandamál eða spurningar um rétta notkun tækisins skaltu snúa þér til fagfólks með viðeigandi vottun og menntun.

UMHVERFI

Þetta tæki má aðeins nota til suðuvinnu samkvæmt efniskröfum (efni, efnisstyrkur o.s.frv.) sem fram koma á sigtíprents-áletrun eða í þessum leiðarvísi. Það var aðeins hannað fyrir viðeigandi notkun sem samræmist hefðbundnum verkferlum og öryggisforskriftum. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af rangri eða hættulegri notkun.

Notaðu tækið ekki í rýmum þar sem rafleiðandi málmryk er á sveimi í loftinu. Gættu þess bæði við notkun og geymslu tækisins að umhverfi þess sé laust við súrur, gastegundir og önnur ætandi efni. Gættu þess að athafnasvæðið sé vel loftræst og útbúið og að varnir séu fullnægjandi.

Rekstrarhitastig:

milli -10 og +40°C.

Geymsluhitastig milli -20 og +55°C.

Loftraki:

Undir 50% upp að 40°C.

Undir 90% upp að 20°C.

Nota má tækið í allt að 1.000 m hæð (yfir sjávarmáli).

ÖRYGGISÁBENDINGAR

Ljósbogasuða getur verið hættuleg og valdið alvarlegum meiðslum - jafnvel banvænum. Við vinnu með ljósboga er notandanum margvísleg hættu búin: hættulegur hitagjafi, ljósbogageislun, rafsegultrufanir (fólk með hjartagangráð eða heyrnartæki ætti að ráðfæra sig við lækni áður en það hefur stórf nálægt tækjunum), raflost, suðuhávaði og -reykur. Verndaðu því sjálf(a)n þig og aðra. Fylgdu ávallt eftirfarandi öryggisábendingum:



Geislun frá ljósboganum getur valdið alvarlegum augnskaða og brunasárum á húð. Verja ber húðina með viðeigandi, þurrum hlífðarklæðnaði (suðuhónskum, leðursvuntu, öryggisskóm).



Notaðu raf- og hitaeinangrandi hlífðarhanska.



Notaðu suðuhlífðarklæðnað og suðuhjálmi í nógu háum varnarflokki (eftir gerð og straumi suðunnar). Verndaðu augun við hreinsunarvinnu. Snertilinsur eru bannaðar!

Þar sem aðstæður kalla á það skaltu stúka suðusvæðið af með suðutjöldum til að vernda fólk gegn ljósbogageislun, suðuslettum o.s.frv.

Einnig ber að fræða fólk sem er státt nálægt ljósboganum um hætturnar og sjá því fyrir nauðsynlegum hlífðarbúnaði.



Við notkun á suðutækinu skapast mjög mikill hávaði sem skaðar heyrn til lengdar. Við langa suðuvinnu skaltu því nota fullnægjandi heyrnarhlífir og verja nálæga starfsmenn.

Gættu þess að óvarðar hendur, hár og fót fari ekki of nálægt víftunni. Fjarlægðu húsið á tækinu ekki undir neinum kringumstæðum meðan það er í sambandi við rafmagn. Framleiðandinn tekur ekki ábyrgð á meiðslum eða tjóni sem hlýst af rangri meðhöndlun tækisins eða því að ekki er farið eftir öryggisábendingum.



ATHUGIÐ! Eftir suðuna er vinnustykkið mjög heitt! Meðhöndlaðu vinnustykkið því varlega til að forðast brunasár. Áður en viðhald er framkvæmt á vatnskældum brennara eða hann hreinsaður ber að láta kælikerfið keyra áfram í 10 mínútur eftir að suðu lýkur svo kælivökvinn kólni og forðast megi brunasár. Áður en vinnusvæðið er yfirgefið ber að stúka það af til verndar fólki og tækjum.

SUÐUREYKUR/ -GAS



Við suðu verður til reykur og/eða eittraðar gufur sem geta orsakað súrefnisskort í andrúmsloftinu. Tryggðu því ávallt nægjanlegt aðstreymi fersks lofts, loftræstingu (eða samþykkt öndunartæki).

Notaðu suðubúnaðinn aðeins í vel loftræstum vinnusólum, utandyra eða í lokuðum rýmum með frásogi sem uppfyllir gildandi öryggisstaðla.

Athugið! Við suðuvinnu í litlum rýmum þarf að huga sérstaklega að öryggisfjarlægðum. Við suðu á blýi, einnig á formi blýhúðar, sinkhúðuðum hlutum, kadmíni, «kadmínhúðuðum skrúfum», beryllíni (aðallega sem hlutefni í málmblöndum, t.d. beryllín-kopar) og öðrum málum, verða til eittraðar gufur. Gæta þarf sérstakrar varúðar við suðu á ílátum. Tæmdu og hreinsaðu þau fyrst. Til að forðast eða hindra að eiturgöms myndist, verður að hreinsa öll leysi- og fituleysisefni af suðufleti vinnustykkisins.

Þá gaskúta sem þarf að nota við suðuna ber að geyma í vel loftræstu, aflokuðu umhverfi. Geymdu þá aðeins í lóðréttri stöðu og tryggðu þá gegn falli t.d. með viðeigandi gaskútakeru. Upplýsingar um rétta meðhöndlun gaskúta færðu frá viðkomandi birgi þínun.

Bannað er að sjóða nálægt feiti og málningu!

ELD- OG SPRENGIHÆTTA



Sjáðu til þess að suðusvæðið sé nægilega vel varið. Öryggisfjarlægð fyrir gaskúta (eldfimar gastegundir) og önnur eldfim efni er a.m.k. 11 metrar.

Eldvarnabúnaður þarf að vera tiltækur á suðustaðnum.

Við suðu, varðu þig á heitu gjalli, slettum og neistum. Þeir geta valdið íkveikju eða sprengingum.

Gættu þess að fólk, eldfimur hlutir og þrýstikútar séu í öruggri fjarlægð.

Ekki sjóða ílát sem innihalda eldfim efni (ekki heldur leifar) -> hættu á eldfimum gastegundum. Fjarlægja ber allar leifar af eldfimum eða sprengifimum efnun í ílátum sem hafa verið opnuð.

Við slípivinnu skaltu vinna í stefnu burt frá þessu tæki og eldfimum efnun.

GASÞRÝSTIBÚNAÐUR



Gas sem lekur út getur valdið köfnun ef það safnast fyrir. Því ber ávallt að tryggja að vinnu- og geymslusvæði séu vel loftræst.

Þegar gaskútar eru fluttir ber að gæta þess að skrúfað sé fyrir þá og að slökkt sé á suðutækinu. Geymdu gaskútana aðeins í lóðréttri stöðu og tryggðu þá gegn falli t.d. með viðeigandi gaskútakeru.

Skrúfaðu fyrir kúтана eftir hverja suðu. Verðu þá gegn beinu sólskini, opnum eldi og stórum hitasveiflum (t.d. miklum kulda).

Hafðu gaskútana ávallt í hæfilegri fjarlægð frá suðu- og slípivinnu sem og öllum uppsprettum hita, neista og loga.

Hafðu gaskútana í hæfilegri fjarlægð frá háspennu og suðuvinnu. Bannað er að sjóða þrýstigaskút.

Þegar skrúfað er frá gasventli í fyrsta sinn þarf að fjarlægja plastlás/ábyrgðarinnsgli af kútnum. Notaðu aðeins gas sem hentar fyrir suðuvinnu með þeim efnun sem þú hefur valið.

RAFÖRYGGI



Suðutækið má aðeins nota með jarðtengdu rafmagni. Notaðu aðeins vör samkvæmt forskrift.

Séu straumleiðandi hlutir snertir getur það valdið banvænu raflosti eða alvarlegum og jafnvel banvænum brunasárum.

Þar af leiðandi skaltu **EKKI UNDIR NEINUM KRINGUMSTÆÐUM** snerta hluti inni í tækinu eða húsið ef það er opið meðan tækið er í notkun.

Taktu tækið **ÁVALLT** úr sambandi við rafmagn og bíddu í tvær mínútur **ÁÐUR EN** þú opnar það þannig að spenna geti farið af þéttum.

Snertu brennara og jarðklemmu aldrei samtímis!

Aðeins vottað og menntað fagfólk má skipta um skemmda kapla eða brennara. Klæðstu ávallt þurrum, heilum fötum við suðu. Klæðstu ávallt einangrunarskóm, óháð umhverfisaðstæðum.

CEM-FLOKKAÐ EFNÍ



ATHUGIÐ! Þetta tæki flokkast sem tæki í flokki A. Það er ekki ætlað til notkunar á íbúðarsvæðum með rafmagni úr opinbera lágspennukerfinu. Í því umhverfi er erfitt að tryggja rafsegulsamhæfi vegna hátiðnitruflana og geislunar.



ATHUGIÐ! Þetta tæki samræmist ekki staðlinum IEC 61000-3-12. Það ber að setja í samband við einkarekin lágspennukerfi sem eru tengd við opinber meðal- og háspennit rafveitukerfi. Ef tækið er notað í opinbera lágspennukerfinu ber notanda þess að afla sér upplýsinga hjá rekstraraðila kerfisins hvort tækið henti til notkunar með því rafmagni.



Þetta tæki samræmist staðlinum EN 61000-3-11.

RAFSEGULSVIÐ OG TRUFLANIR



Rafstraumur sem fer um leiðara framkallar staðbundin raf- og segulsvið. Þegar ljósbogasúðutæki eru notuð getur það valdið rafsegultruflunum.

Notkun á tækinu getur haft áhrif á vinnslu lækningaraftækja, tölvu og annarra tækja. Fólk sem notar hjartagangráð eða heyrnartæki ætti að ráðfæra sig við lækni áður en það hefur störf nálægt vélinni. T.d. mætti koma upp aðgangstakmörkunum fyrir fólk sem á leið framhjá eða framkvæma einstaklingsbundið áhættumat fyrir suðumenn.

Allir suðumenn ættu að lágmarka útsetningu sína fyrir rafsegulsviðum frá ljósbogasúðutækjum samkvæmt eftirfarandi verkferli:

- Festa rafskautshöldu og jarðkapal saman, gjarnan með límbandi;
- Haltu efri hluti líkamans og höfði sem lengst frá suðustaðnum;
- Gættu þess að kaplar, brennarinn eða jarðklemman vefjist ekki um líkama þinn;
- Stattu aldrei á milli jarð- og brennarakapals. Kaplarnir ættu ávallt að liggja sömu megin;
- Tengdu jarðtöngina við vinnustykkið sem næst suðustaðnum;
- Stundaðu aldrei suðuvinnu við hliðina á suðuafgjafanum;
- Ekki sjóða meðan verið er að flytja afgjafann eða vírmatarann.



Fólk sem notar hjartagangráð eða heyrnartæki ætti að ráðfæra sig við lækni áður en það hefur störf nálægt vélinni.

Notkun á tækinu getur haft áhrif á vinnslu lækningaraftækja, tölvu og annarra tækja.

ÁBENDING UM SKOÐUN Á SUÐUSTAÐNUM OG SUÐUKERFINU

Almennt

Notandinn ber ábyrgð á að suðutækið og fylgihlutir séu notaðir rétt í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Notandinn ber ábyrgð á að eyða eða lágmarka þær rafsegultruflanir sem upp koma, mögulega með aðstoð framleiðandans. Rétt jarðtönging suðustaðarins, þ.m.t. allra tækja, er oft gagnleg. Í vissum tilvikum getur þurft að rafsegulskerma suðustrauminn. Það er í öllu falli nauðsynlegt að sjá til þess að rafsegultruflanir séu óverulegar.

Skoðun á suðustaðnum

Áður en ljósbogasúðubúnaði er komið upp ber að kanna hvort rafsegulvandamál séu í umhverfinu. Við mat á hugsanlegum rafsegulvandamálum í umhverfinu ber að taka tillit til eftirfarandi:

- a) raf-, stýri-, merkja- og fjarskiptaleiðslna;
- b) útvarps- og sjónvarpstækja;

- c) tölva og annarra stýritækja;
 d) öryggisbúnaðar, t.d. til verndar iðnaðarefna;
 e) heilsu nærstaddra, einkum ef þeir nota hjartagangráð eða heyrnartæki;
 f) kvörðunar- og mælibúnaðar;
 g) þols annarra nálægra tækja gagnvart truflunum;
 Notandinn þarf að athuga hvort hægt er að nota önnur vinnsluefni í umhverfinu. Því kann að vera þörf á frekari varnaraðgerðum;
 h) á hvaða tíma dags þarf að framkvæma suðuvinnuna.

Það ræðst af stærð og lögum byggingarinnar og annarri starfsemi í henni hversu stórt umhverfi ber að taka með í reikninginn. Það getur verið rétt að skilgreina umhverfið þannig að það nái út fyrir mörk suðubúnaðarins.

Skoðun á suðutækinu

Auk þess að athuga suðustaðinn má leysa frekari vandamál með því að skoða suðutækið. Framkvæma ber skoðunina í samræmi við 10. gr. IEC/CISPR 11:2009. Einnig má staðfesta áhrif mildunaraðgerða með því að framkvæma mælingar á staðnum.

ÁBENDINGAR UM AÐFERÐIR TIL AÐ MINNKA RAFSEGULSVIÐ

a. Opinbera rafveitukerfið: Ráðlagt er að setja ljósbogasúðutækið í samband við opinbera rafveitukerfið í samræmi við ábendingar framleiðandans. Ef víxilverkunartruflanir eiga sér stað kann að vera þörf á frekari aðgerðum (t.d. inntakssvi). Mögulega þarf að skerma rafmagnskapalinn með málmröri. Sé kapalrúlla notuð, ber að rúlla kaplinum alveg af henni. Mögulega þarf að skerma annan búnað í nágrenninu eða allan suðubúnaðinn.

b. Viðhald tækisins og fylgihluta: Ráðlagt er að setja ljósbogasúðutækið í samband við opinbera rafveitukerfið í samræmi við ábendingar framleiðandans. Meðan tækið er í notkun ber að loka og læsa öllum þjónustudyrum og hlífum og öðrum aðgangsléiðum. Ekki má breyta suðutækinu eða fylgihlutum á nokkurn hátt að undanskildum þeim breytingum og stillingum sem fram koma í leiðarvísni framleiðanda tækisins. Sérstaklega er mikilvægt að farið sé eftir leiðarvísni framleiðanda tækisins við stillingar og viðhald ljósbogakveiki- og stöðgunarbúnaðar.

c. Suðukaplar: Suðukaplar ættu að vera sem stýstir og liggja þétt saman á gólfnum.

d. Spennujöfnun: Spennujöfnun þarf að taka mið af öllum málmhlutum á suðustaðnum. Það er eftir sem áður hættu á raflosti ef rafskaut og málmhlutir eru snertir samtímis. Notandinn verður að einangra sig frá málmhlutum.

e. Jarðtenging vinnustykkisins: Í vissum tilvikum má draga úr truflunum með því að jarðtengja vinnustykkið. Forðast ber að jarðtengja vinnustykki ef það eykur hættu á að notandi meiðist eða að önnur rafvirk efni skemmist. Jarðtengja má hvort heldur er beint eða í gegnum þétti. Velja ber þéttinn í samræmi við viðeigandi landsstaðla.

f. Vörn og aðgreining: Það kann að draga úr truflunum að skerma annan búnað í nágrenninu eða allan suðubúnaðinn. Fyrir sérstaka notkun kemur til greina að skerma allt suðusvæðið.

FLUTNINGUR SUÐUAFLGJAFANS



Vanmetið ekki eigin þyngd tækisins! Þar sem tækið hefur engan útbúnað til flutninga berð þú ábyrgð á að öryggis sé gætt þegar það er flutt eða hreyft til (gættu þess að það velti ekki).

Togaðu aldrei í brennarann eða kapla til að færa tækið til. Aðeins má flytja tækið í lóðréttri stöðu.

Ekki má lyfta tækinu yfir fólk eða hluti.

Fylgdu skilyrðislaust hinum ýmsu tilskipunum um flutning suðutækja og gaskúta. Um þá gilda mismunandi flutningsstaðlar. Fjarlægja ber virkeflið áður en suðutækinu er lyft og það flutt.



Suðulekastraumar geta eyðilaggt jarðleiðara, skemmt suðukerfið og raftæki og valdið því að íhlutirnir hitni, sem getur orsakað íkveikju.

- Alla suðukapla ber að festa vandlega saman. Aðgættu það reglulega!
- Aðgættu að vinnustykkið sé vel fest! Það verður að vera fast og vel rafleiðandi.
- Festu alla rafleiðandi íhluti (ramma, vagn og lyftikerfi) suðuaflgjafans þannig að þeir séu einangraðir!
- Legðu engin önnur óeinangruð tæki (borvél, slípitæki o.s.frv.) á suðuaflgjafann, vagninn eða lyftikerfin!
- Legðu suðubrennarann eða rafskautshölduna á einangrað yfirborð þegar ekki er verið að nota hann/hana!

TÆKINU KOMIÐ FYRIR

- Komdu tækinu aðeins fyrir á föstu og öruggu undirlagi þar sem það hallar ekki meira en 10°.

- Gættu þess að athafnasvæðið sé vel loftræst og útbúið og að varnir séu fullnægjandi. Rafmagnsklóin skal ávallt vera aðgengileg.
 - Ekki nota tækið í umhverfi sem er viðkvæmt fyrir rafsegulsviðum.
 - Verðu tækið fyrir regni og beinu sólskini.
 - Tækið samræmist IP21, þ.e.:
 - Íhlutir innan í tækinu eru varðir fyrir snertingu og meðalstórum aðskotahlutum með þvermál >12,5 mm,
 - varnarrist gegn vatnsdropum sem falla lóðrétt
- Rafmagns-, framlengingar- og suðuköplum skal rúllað alveg af viðkomandi rúllum til að afstýra hættu á ofhitnun.



Framleiðandinn GYS tekur ekki ábyrgð á meiðslum eða tjóni sem hlýst af rangri meðhöndlun tækisins.

VIÐHALD / ÁBENDINGAR



- Vottað og menntað fagfólk skal framkvæma alla viðhaldsvinnu. Mælt er með að viðhald/skoðun fari fram einu sinni á ári.
- Taktu klóna úr sambandi áður en þú hefur vinnu við tækið. Biðdu þar til víftan hættir að snúast. Íhlutir innan í tækinu bera háa og hættulega spennu.
- Fjarlægðu húsið reglulega (a.m.k. 2-3svar á ári) og hreinsaðu tækið að innan með þrýstilofti. Láttu vottaðan tæknimann framkvæma reglulegar skoðanir á rafrænu rekstraröryggi GYS-tækisins.
- Kannaðu reglulega ástand inntakskapalsins. Ef hann er skemmdur þarf framleiðandinn, viðgerðajónusta hans eða vottaður aðili að skipta um hann til að fyrirbyggja hættu.
- Ekki má breiða yfir loftunnaristar.
- Ekki má nota þennan straumgjafa til að þíða frosnar vatnsleiðslur, hlaða rafgeyma eða ræsa bílvélar.

SAMSETNING - NOTKUN VÖRUNNAR

LÝSING

Það gleður okkur að þú hefur valið tæki frá fyrirtækinu GYS og við þökkum þér fyrir auðsýnt traust. Vinsamlegast lestu þennan leiðarvísni vandlega áður en þú tekur tækið í notkun.

EASYMIG-tækin eru hálf-samvirk MIG/MAG-, kjarnavirs- og pinnasuðu-suðutæki. Tækin má stilla handvirk með snúningsrofanum. Þau henta til að sjóða plötur úr stáli, ryðfríu stáli og áli.

SAMBAND VIÐ RAFMAGN

Tækin eru búin tveggja pinna kló (EEC7/7) sem stungið skal í einfasa jarðtengda 230V/16A (50-60 Hz) innstungu. Hámarks straumnotkun (I_{max}) er upp gefin á kennispjaldi tækisins. Athugaðu hvort rafmagnið og vör rafkerfisins þar sem þú ert eru fullnægjandi fyrir notkun tækisins.

LÝSING (MYND I)

- 1 : Stjórnborð til að stilla suðubreytur (virkraði/suðuspenna)
- 2 : MIG / MMA rofi
- 3 : Evrópu-miðtengi til að tengja suðubrennarann.
- 4 : Kapaltengi
- 5 : Umpólun kapals
- 6 : Rafmagnskapall (2,20 m)

- 7 : Slökkvirofi
- 8 : Viðtökudór fyrir vírrúllu Ø 100 mm (EASYMIG 110/130/140) eða 100/200 mm (EASYMIG 150)
- 9 : Gasinntak
- 10 : Fastur logsuðulampir

SAMVIRK SUÐA Á STÁLI OG RYÐFRÍU STÁLI (MAG-HAMUR)

Veldu úttaksspennu og virkraða útfra töflunni á tækinu.

EASYMIG getur soðið 0,6/0,8 mm stálvir og 0,8 mm ryðfrían stálvir. Við afhendingu er tækið verksmiðjuforstillt fyrir notkun með Ø 0,8 mm stálvir og ryðfríum stálvir. Snerturörið, gróp drifrúllunnar og stýrikjarni brennarans eru stillt fyrir þá notkun. Ef þú notar Ø 0,6 mm vir, notaðu þá brennara sem er ekki lengri en 3 m. Skiptu snerturörinu (Mynd IV-D) og vírfæðirúllunum út fyrir 0,6 mm ró með vörnun. 042339 / 039483 (fylgir ekki með tækinu). Þá skaltu staðsetja rúllurnar þannig að 0,6 mm séu sýnilegir. Stálsuða útheimtir notkun samsvarandi gasblöndu svo sem argons + CO₂ (Ar + CO₂). Magnhlutfall innihaldsefnanna er misjafnt eftir notkun. Notaðu blöndu með 2% CO₂ fyrir ryðfrítt stál. Leitaðu ráða hjá gassöluaðila við val á gasi. Hæfilegt gasfæði fyrir stál er 8-12 l/mínútu eftir umhverfi og suðureynslu. Hámarksgasþrýstingur: 0,5 MPa (5 bór)

SAMVIRK ÁLSUÐA (MIG-HAMUR)

Veldu úttaksspennu og vírhraða útfra töflunni á tækinu.

Útbúa má EASYMIG 140 og 150 til suðu á 0,8 mm eða 1,0 mm álvír (mynd II-B).

Við afhendingu eru EASYMIG 110 og 130 verksmiðjuforstillt fyrir notkun með Ø 0,8 mm stálvír og ryðfríum stálvír. Snerturörið, gróp drífúrlunnar og stýrikljama brennarans eru stillt fyrir þá notkun.

Álsuða útheimtir notkun hreins argons.

Leitaðu ráða hjá gassöluáðila við val á gasi.

Magnhlutfall innihaldsefnanna er misjafnt eftir notkun. Notaðu blöndu með 2% CO2 fyrir ryðfritt stál.

Hæfilegt gasflæði fyrir ál er 20-30 l/mínútu eftir umhverfi og suðureynslu. Hámarksgasþrýstingur: 0,5 MPa (5 bör)

Munur er á því hvernig vélin er útbúin til að sjóða stál og ál m.a. í eftirfarandi atriðum:

- Vírbeinirúllur: notaðu sérstakar vírbeinirúllur fyrir álvír.
- Álvír þarf að flytja með sem minnstum snertiprýstingi milli vírfæðirúllanna því annars aflagast hann og matast þá ójafnt.
- Hárpípa: notaðu hárpípu aðeins fyrir stálvír (stálstýrikljama).
- Brennari: notaðu sérstakan brennara fyrir ál. Sá brennari er útbúinn með teflonstýrikljama sem veldur minna viðnámi í brennarinum. Skerðu EKKI stýrikljama við þaðar tengisins heldur færðu hann að vírfæðirúllunum (mynd B).
- Snerturör: Notaðu SÉRSTAKT snerturör fyrir ál sem samsvarar þvermáli vírsins.

SUÐA KJARNAVÍRS

Veldu úttaksspennu og vírhraða útfra töflunni á tækinu.

Sjóða má kjarnavír með EASYMIG ef þú umpólar og hefur í huga 5 Nm hámarksþrýsting. Athugaðu leiðbeiningarnar á bls. 67 við notkun á þessari aðgerð. Suða kjarnavírs með staðalstút getur valdið því að brennarinn ofhitni og skemmist. Notaðu því helst sérstakan stút fyrir kjarnavírssuðu (vörunr.041868) eða sjóddu að öðrum kosti án stúts: Upprunalega stútin ber að fjarlægja (mynd III).

SUÐA MEÐ HJÚPUÐUM RAFSKAUTUM

- Við pinnasuðu þarf skautunarvalpinninn að vera úti svo hægt sé að tengja rafskauta- og jarðkapla í samsvarandi tengi. Athugaðu hvað stendur á umbúðum rafskautanna um skautun.
- Fylgdu almennum reglum um slysavarnir við suðu.
- Þessi tæki hafa helsta eiginleika áriðils:
- Viðloðunarvörn bætir innbrenslu og hindrar fastbrenslu. Eftir að viðloðunarvarnar-aðgerðin hefur verið virkjuð þarftu að bíða í 3 sekúndur áður en þú getur soðið.

STÝRIEINING (MYND V)

<p>1</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Þegar kveikt er á tækinu kviknar á græna gaumljósinu («ON»). • Ef rafmagnið dettur út slökknar á græna gaumljósinu. Tækið er samt áfram nothæft eins lengi og klóin er ekki tekin úr sambandi. 	
<p>2</p>	<p>Appelsínugult gaumljós:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirhitastig: Bíddu þar til slökknar aftur á gaumljósinu, þá er tækið aftur nothæft. • Rafmagnsbilanir: Slökktu á tækinu með aðalrofanum og kveiktu aftur á því. 	
<p>3</p>	<p>Vinstri snúningsrofi:</p> <p>Við MIG/MAG-suðu: Stilling vírhraða. Við pinnasuðu: Stilling suðustraums.</p>	
<p>4</p>	<p>Hægri snúningsrofi: Stilling suðuspennu.</p>	

Ábending

Greina má réttan vírfæðihraða af hljóðinu sem myndast þegar vírinn brennur upp: Ljósboginn á að loga stöðugt og án þess að verulegar slettur myndist. Sé hraðinn of lítill brennur ljósboginn ekki samfellt. Sé hraðinn of mikill myndar ljósboginn slettur og þrýstir brennarannum frá.

ÁSETNING VÍRRÚLLA OG SUÐUBRENNARA (MYND IV)

- Fjarlægðu snerturörð (mynd E) og stúttinn af brennarannum (mynd D).
- Opnaðu hliðarlokið á tækinu.
- Stilltu vírrúllubremisuna (1) til að tryggja að vírrúllan snúist ekki til baka þegar suðu er hætt. Gættu þess að herða hana ekki um of!

EASYMIG 150: Til að festa Ø 200 mm vírrúllu rétt, snúðu ýfðu rónni eins langt og hún kemst. Breytistykkið (4) er aðeins ætlað fyrir Ø 200 mm spólur.

Mynd B: • Drifrúllurnar hafa 2 grópir hver (0,8 og 0,9). Fyrir 0,8 mm stálvíra nota þær 0,8 mm V-löguðu grópina. Fyrir 0,9 mm kjarnavíra nota þær 0,9 mm grópina.

Fyrir 0,8 mm álvíra kemur 0,8 mm U-löguð gróp (fylgir ekki) í stað V-gróparinnar.

Mynd C: Til að stilla flutningsþrýstinginn skaltu fara þannig að:

- Losaðu stilliskrúfu vírbeinisins (2), settu vírinn í og lokaðu vírdrifinu án þess að herða.
- Þegar vírinn er kominn í, ýttu þá á brennaraprýstirofann
- Stilltu stilliskrúfunu um leið og þú heldur brennaraprýstirofanum inni þar til vírinn flyst jafnt.

Athugið: Álvir þarf að flytjast með sem minnstum snertiprýstingi milli vírfæðirúllanna því annars aflagast hann og matast þá ójafnt.

- Láttu vírinn skaga út úr brennarannum um u.þ.b. 5 cm og komdu fyrir snerturöri (mynd D) og stút (mynd E) sem passa við vírinn sem notaður er .

GASTENGI

- Komdu réttum þrýstingsmínkara fyrir á gaskútum. Notaðu gasslónguna (mynd F) sem fylgdi með tækinu. Til að hindra gasleka skaltu nota slönguklemmurnar sem fylgja í fylgihlutakassanum.
- Stilltu gasflæðið með stilliskífunni á þrýstingsmínkaranum.

Ráðlegging: Það er einfaldara að stilla gasflæðið ef þú yfir á brennaraprýstirofann þegar vírmötunin er óspennt og lest flæðið af þrýstímælunum.

Þetta ferli gildir ekki fyrir kjarnavírsham.

REKSTRARTÍMI - UMHVERFISSKILYRÐI

Í MMA-ham líkist tækði straumgjafa með fallandi kennilínum og í MIG-ham straumgjafa með beinum kennilínum. Gögn um rekstrartíma lúta staðlinum EN60974-1 og koma fram í eftirfarandi töflu:

X @ 40°C (T lota = 10 mín)	I max	60% (T lota = 10 min)	100% (T lota = 10 min)
EASYMIG 110 – MIG/MAG	30% @ 100A	60A	50A
EASYMIG 110 - MMA	30% @ 80A	50A	40A
EASYMIG 130 – MIG/MAG	20% @ 120A	70A	60A
EASYMIG 130 - MMA	20% @ 100A	60A	50A
EASYMIG 140/150 – MIG/MAG	15% @ 140A	80A	70A
EASYMIG 140/150 - MMA	15% @ 120A	70A	60A

Athugasemd: Ofhitnunarþrófið var framkvæmt við stofuhita og rekstrartíminn ákvarðaður útfra hermun við 40°C.

MEIÐSLAHÆTTA AF HREYFANLEGUM HLUTUM



- Í vírmöturunum eru hreyfanlegir hlutir sem geta gripið í hendur, hárf, fót eða verkfæri og valdið meiðslum!
 - legðu ekki hönd, íhluti eða hluti á drifið meðan það er í gangi!
 - Gakktu úr skugga um að lokið á húsinu eða varnarhlífar séu lokaðar meðan tækid er í gangi!
- ue les couvercles du carter ou couvercles de protection restent bien fermés pendant le fonctionnement !

HITAVÖRN OG ÁBENDINGAR

Ef hitavörn tækisins virkjust hættir það að gefa suðustraum. Appelsínugula ofhitnunartilkyrningin á skjánum (mynd V-2) blikkar meðan tækið er of heitt.

- Lokaðu ekki loftræstiopunum á tækinu svo að loft geti leikið um það.
- Þegar suðu er lokið eða meðan hitavörmin er virk, hafðu tækið í sambandi og kveikt á því þannig að viftan geti kælt það.

Allmennt:

- Fylgdu grunnreglum um suðu.
- Fullvissaðu þig um að loftflæði sé nægjanlegt.
- Ekki vinna með blautan gaskút.

BILANIR, ORSAKIR, LAUSNIR

BILANALET	ORSÓK	LAUSN
Virmötunarhraði ekki jafn.	Snerturörrið er stíflað.	Hreinsaðu snerturörrið eða skiptu um það og notaðu viðlöðunarvarnaráða (vörnur. 041806).
	Vírinn rennur í gegn um drifið.	Athugaðu þrýsting rúlludrifsins eða stilltu drifróna á réttan virstyrk. - Vírbeinislanga brennarans situr ekki rétt.
Hreyfillinn gengur ekki.	Bremsa vírúllunnar eða rúlludrifið eru of stíf.	Losaðu um bremsuna og rúlludrifið.
	Mötunarvandamál.	Athugaðu hvort rofinn er stilltur á stöðuna «KVEIKT».
Vírinn flyst illa.	Vírbeinislanga óhrein eða skemmd.	Hreinsaðu vírbeinislönguna eða skiptu um hana.
	Snertiþrýstingur of lítil.	Auktu snertiþrýsting á vírinn.
	Vírúllubremsa of stíf.	Losaðu um bremsuna.
Enginn suðustraumur.	Galli í inntaksrafmagni.	Athugaðu inntaksrafmagnið (kló, kapal, innstungu, var).
	Gölluð jarðtenging.	Athugaðu jarðklemmuna (samband og ástand klemmunnar).
	Brennari gallaður.	Athugaðu brennarann og skiptu mögulega um hann.
Vírteppa í drifinu.	Kjarni gallaður.	Athuga, skipta um ef þarf.
	Vír fastur í brennarannum.	Athuga, hreinsa eða skipta um.
	Hárpípu vantar.	Athuga og setja í.
	Virmötunarhraði of mikill.	Minnka vírmötunarhraðann.
Suðusaumurinn er gropinn.	Gasflæði of lítið.	Stilltu gasflæðið. Hreinsaðu efnið.
	Gaskútur tómur.	Skiptu um.
	Slök gasgæði.	Skiptu um.
	Dragsúgur.	Stúkaðu suðusvæðið af.
	Óhrein gasstútur.	Hreinsa eða skipta um.
	Lítill vírgæði.	Skipta út fyrir réttan suðuvír.
	Suðuefni af lágum gæðum (ryð, ...)	Hreinsa fyllingarmálminn.
	Mikil slettumyndun.	Ljósbogaspenna of lág eða of há.
Jörð illa staðsett.		Staðsettu jörðina nær suðustaðnum.
Varnargasflæði of lítið.		Athugaðu og stilltu.

BILANALET	ORSÖK	LAUSN
Gasskortur í brennararum.	Gölluð gastenging.	Athugaðu gasslöngur og -tengingar. Athugaðu þrýstingsminnkara og segulventil.

ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA

Ábyrgð framleiðanda tekur aðeins til framleiðslu- eða efnisgalla sem tilkynnt er um innan 24 mánaða eftir kaup (sbr. kvittun). Eftir að framleiðandi eða umboðsaðili hans hefur samþykkt ábyrgðarkröfu er gert við tækið og skipt um varahluti kaupanda að kostnaðarlausu. Ábyrgðartímabilið helst óbreytt óháð ábyrgðarviðgerðum.


Útilokun:

Ábyrgð tekur ekki til galla sem orsakast af rangri notkun, falli eða höggum né heldur ósamþykktum viðgerðum eða flutningsskemmdum sem verða eftir að tækið er sent í viðgerð. Ekki er tekin ábyrgð á slithlutum (svo sem köplum, klemmum, hlífðarglerjum o.s.frv.) né heldur sliförum.


Skilaðu tækinu til viðgerðar hjá viðeigandi söluaðila ásamt kvittun og stuttri lýsingu á gallanum. Viðgerðin fer fram eftir að kaupandinn hefur samþykkt kostnaðaráætlun skriflega (með undirskrift). Í tilvikum ábyrgðarviðgerðar ber framleiðandi aðeins kostnað af endursendingu til söluaðilans.

I


EASYMIG 150




EASYMIG 140




EASYMIG 110/130



EASYMIG 150




EASYMIG 110/130/140



II

•Acier-Steel-Stahl-Acero
Staal-Aço
•Inox-Stainless steel


A




•Alu

NO USE

B




MIG-MAG




PINNASUÐA (MMA)

IS - Athugaðu hvað stendur á umbúðum rafskautanna um skautun.




III. GASLAUS BRENNARI




IV

EASYMIG 110/130/140/150




EASYMIG 150



A



EASYMIG 150



EASYMIG 110/130/140



B



F



D

E

V



MIG/MAG WELDING GUIDE

Designed in France

Steel Ø 0.6/0.8

ArCO₂



Steel Ø 0.9

no gas



Alu Ø 0.8

Ar




0.8 mm
1.0 mm
1.5 mm
2.0 mm
3.0 mm

3>5.5 MINI>A
4>5.5 A>D
4.5>8 B>F
4.5>8 C>MAX
6>9 E>MAX

3>4 MINI>A
3.5>4.5 A>B
4.5>5.5 B>D
5>6.5 C>F
6>9 E>MAX



4>7 MINI>A
5>7 MINI>A
7>8 MINI>B
9>10 B>D
9>10 C>E





1

VARAHLUTIR



• EASYMIG 110/130



• EASYMIG 140



• EASYMIG 150



N°		110	130	140	150
1	Aðalrásaspjald	53521	53492	53490	53489
2	Skjár	53491			
3	Kveiki/slökkvi-rofi	52460			
4	Rafmagnskapall	21468			
5	Vífta	53523	51021		
6	Vírmötunardrif (án vírrúlla)	53270			51026
7	MIG/MMA kveiki-/ slökkvi-rofi	52466			
8	(+) og (-) tengi	51469			
9	Skautunarvalkló	53524	71918		
10	Rúlluhaldari	53268			71601
11	Handfang	56047			56048

ÞYNGD

EASYMIG 110

: 7,6 kg

: 38 x 16 x 35 sm


EASYMIG 130

: 8,6 kg

: 38 x 16 x 35 sm


EASYMIG 140

: 7,8 kg


: 38 x 16 x 35 sm


EASYMIG 150


: 9,6 kg

: 40 x 21 x 33 sm


EASYMIG 110




EASYMIG 130












EASYMIG 140












EASYMIG 150



TÁKNASKÝRING

A	Amper
V	Volt
Hz	Rið
	MIG/MAG-suða (MIG: „Metal Inert Gas“/ MAG: „Metal Active Gas“)
	Suða með hjúpuðu rafskauti (pinnasuða/MMA)
	Hentar fyrir suðuvinnu á svæði þar sem er aukin hættu á raflosti. Það ætti samt ekki endilega að nota suðuafgjafann á slíkum svæðum.
IP21	Efnið er í varnarflokki IP21, sem þýðir: Vörn gegn aðgangi að hættulegum hlutum úr föstu efni með > 12,5 mm þvermáli og vörn gegn lóðrétt fallandi vatnsdropum.
	Jafnsuðustraumur.
	Einfasa 50 eða 60 Hz kerfisrafmagn.
U0	Tómgangsspenna.
U1	Kerfisspenna.
I1max	Hámarks inntaksstraumur.
I1eff	Hámarks raunverulegur inntaksstraumur (virkt meðalgildi).
EN 60974-1 EN 60974-5 EN 60974-10 Class A	Tækið uppfyllir staðlana EN 60974-1, EN 60974-5, EN 60974-10 Flokkur A fyrir suðutæki.
	Einfasa tíðnibreytir.
X(40°C)	Rekstrartími samkvæmt EN60974-1 (10 mínútur – 40°C).
I2 	I2: samsvarandi suðustraumur.
U2 	U2: samsvarandi vinnuspenna.
	Tækið uppfyllir Evróputilskipanir. Samræmisyfirlýsingu má finna á vefsvæði okkar.


	<p>EAC-samræmismærki (Efnahagsbandalag Evrasíu)</p>
	<p>Rafrænn ljósbogi framkallar geislun sem verkar á augu og húð (verðu þig!)</p>
	<p>Athugið! Suða getur valdið íkveikju eða sprengingu.</p>
	<p>Athugið! Lestu leiðarvísinn.</p>
	<p>Um förgun tækisins gilda sérstök ákvæði (hættulegur úrgangur). Ekki má fleygja því með húsasorpi.</p>
	<p>Upplýsingar um hitastig (hitavörn)</p>
	<p>Gasinntak</p>
	<p>Vara sem ber að farga aðskilið (rafrænn úrgangur) Fleygið tækinu því ekki með húsasorpi!</p>
	<p>Endurvinnsluafurð sem ber að skila til flokkunarstöðvar (reglugerð nr. 2014-1577).</p>

FYLGIHLUTIR




EASYMIG 110 / 130

	ø 100	ø 0.6 - 1				
Stál	086593 (ø0.6) 086609 (ø0.8)	039483 (ø0.6/0.8)	Fixed torch for steel welding	041905 (ø0.6) 041912 (ø0.8)	041875	20L/min. 041998
Ryðfritt stál	086616 (ø0.8)					30L/min. 041622 (FR) 041646 (UK) 041219 (DE)
Gaslaus suða	086104 (ø0.9)	039476 (ø0.8/0.9)			041868	



EASYMIG 140

	ø 100	ø 0.6 - 1				
Stál	086593 (ø0.6) 086609 (ø0.8)	039483 (ø0.6/0.8)	041592 (ø0.6/0.8 - 3m)	041424 (150A - 3m)	041905 (ø0.6) 041912 (ø0.8)	20L/min. 041998
Ryðfritt stál	086616 (ø0.8)					041875
Gaslaus suða	086104 (ø0.9)	039476 (ø0.8/0.9)				041868 (150A)
Alu AlMg5	086548 (ø0.8)	041196 (ø0.8/1.0mm)	041578 (ø0.8-3m)	041462 (150A-3m)	041059 (ø0.8)	041875
Alu AISi5	086685 (ø0.8)					
Alu AISi12	086678 (ø0.8)					



EASYMIG 150

	ø 100	ø 200	ø 0.6 - 1				
Stál	086593 (ø0.6) 086609 (ø0.8)	086111 (ø0.6) 086128 (ø0.8)	042339 (ø0.6/0.8)	041592 (ø0.6/0.8 - 3m)	041424 (150A - 3m)	041905 (ø0.6) 041912 (ø0.8)	20L/min. 041998
Ryðfritt stál	086616 (ø0.8)	086579 (ø0.8) 086326 (ø0.8)					041875
CuSi3	086692 (ø0.8)	086647 (ø0.8)					041868 (150A)
CuAl8	-	086661 (ø0.8)	042346 (ø0.9/1.2)	041578 (ø0.8-3m)	041462 (150A-3m)	041059 (ø0.8)	041875
Gaslaus suða	086104 (ø0.9)	086623 (ø0.9)					
Alu AlMg5	086548 (ø0.8)	086555 (ø0.8)	041196 (ø0.8/1.0mm)	041578 (ø0.8-3m)	041462 (150A-3m)	041059 (ø0.8)	041875
Alu AISi5	086685 (ø0.8)	-					
Alu AISi12	086678 (ø0.8)	-					



GYS SAS

1, rue de la Croix des Landes
CS 54159
53941 SAINT-BERTHEVIN
Cedex France